



FUNDARGERÐ

- Yfirskrift / efni:** 1. fundur stjórnar KLÍ, 2013-2014
- Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ
- Hvenær:** Fimmtudagur 23.05.2013 kl. 17:30
- Þátttakendur:** Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) formaður
Höskuldur Höskuldsson (HH)
Ingi Geir Sveinsson (IGS)
Heiðar Rafn Sverrisson (HRS)
Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) varamaður
Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður
Karenina Kristín Chiodo (KKC) varamaður
- Boðuð forföll:** Jón Grímsson (JG)
Sigurbjörn St. Vilhjálmsson (SSV) starfsmaður KLÍ
- Fjarverandi:**
- Fundarritari:** HRS

Helstu mál: Stjórn skiptir með sér verkum. Nefndir og val í nefndir. Dagskrá næsta vetrar. Starfsmaður. Önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Skipting verkefna í stjórn:

ÞMP lagði til eftirfarandi tillögu um verkaskiptingu í stjórn KLÍ:

Höskuldur Höskuldsson, varaformaður

Jón Grímsson, gjaldkeri

Heiðar Rafn Sverrisson, ritari

Ingi Geir Sveinsson, meðstjórnandi

Tillagan var samþykkt samhlóða.

2. Nefndir og val í nefndir:

ÞMP leggur til breytingar á vali fólks í nefndir sem er á þá leið að stjórnarmenn leiti eftir tillögum frá sínum félögum um hverjir gefi kost á sér í nefndir og að stjórn KLÍ skipi einungis formenn nefnda sem aftur á móti velji sér sjálft samstarfsfólk í nefndir og var það samþykkt. Um er að ræða Aganefnd, Unglinganefnd, Tækninefnd, Landsliðsnefnd og upplýsinganefnd. Ákveðið er að Andrés Haukur Hreinsson taka við formennsku í Mótanefnd og mun LHM sitja í nefndinni sem tengiliður stjórnar.

3. Dagskrá næsta vetrar:

ÞMP óskar eftir því að mótanefnd taki sem fyrst til starfa og hefji vinnu við dagskrá næsta vetrar. ÞMP kynnti hugmyndir frá Þór Akureyri um nafn á nýtt lið frá þeim, en þeir óska eftir athugasemdum um nafnið. Hugmynd Þórs var rædd og ákveðið að leggjast gegn þeirri nafngift sem Þór lagði fram.

4. Starfsmaður KLÍ:

ÞMP sagði fundinum frá starfslokum SSV, en hann lætur af störfum 31.mái n.k. Ræddar voru tvær tillögur frá ÞMP um hvernig starfsmannamálum verður háttað í framtíðinni. Annars vegar ver metinn tillaga um að ráða starfsmann sem framkvæmdastjóra í samvinnu við önnur sérsambönd og hins vegar að ráða ÞMP til að taka að sér þessa vinnu í bland við önnur störf sem hann gegnir fyrir KLÍ. Þar sem framundan eru stór verkefni hjá KLÍ þótti seinni kosturinn álitlegri og samþykkt var að ráða ÞMP sem starfsmann KLÍ og munu HH, JG og HRS ganga frá ráðningarsamningi við ÞMP.

5. Önnur mál:

Búningamál:

IGS óskaði eftir upplýsingum um hver staðan væri með búninga fyrir landsliðin og hvernig samningar við 66°Norður stæðu. ÞMP upplýsti fundinn um að hann væri búinn að vera í sambandi við 66°Norður um breytingar á samningnum og mun hann halda áfram þeirri vinnu og upplýsa stjórn um framgang mála.

Venslasamningar:

Rætt var um hvort breyta þurfi reglugerð um venslasamninga með tilkomu þriðju deildar ef af stofnun hennar verður. Ákveðið að ræða þau mál betur seinna.

Heimaleikjaréttur:

Ákveðið var að funda með formönnum félaganna um reynslu þeirra af því fyrirkomulagi sem notað var síðasta vetur og hvort halda eigi sama fyrirkomulagi áfram næsta vetur.

Skuldir aðildarféлага KLÍ:

ÞMP upplýsti stjórn um skuldastöðu féлага innan KLÍ og mun hann senda ítrekanir á þau félög sem enn skulda. Ákveðið að ræða gjaldskrá betur á næsta fundi.

Fundi slitið 18:55 – næsti fundur verður 6. júní kl. 17:30 á skrifstofu KLÍ.